


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júlí 2016

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 5. ágúst 2016.

Akureyri. Heildarfrjótala fyrir júlí er 642 frjó/m³. Það er heldur hærri tala en í júlí í fyrra en þó lægri en meðalfrjótala fyrir júlí 1998–2015, sem er 844 frjó/m³. Þau frjókorn sem valda aðallega ofnæmi í júlí og ágúst eru gras- og súrufrjó.

Súrufrjó mældust 16 daga mánaðarins en lítið í hvert skipti. Hæsta frjótalan var 3 frjó/m³ og er heildarfrjótala fyrir júlí 30 frjó/m³, sem er nálægt meðalári. Súrufrjó gætu haldið áfram að mælast í ágúst.

Grasfrjó komu í gildruna alla daga nema einn. Heildarfjöldi þeirra fór í 500 frjó/m³ en meðalfrjótala grasa í júlí 1998–2015 er 617 frjó/m³. Frjótala grasa á einum degi fór hæst í 102 frjó/m³ og var það 26. júlí (sjá línurit). Þó að frjótala grasa sé undir meðaltali þá var fjöldi þeirra heldur meiri í ár en í fyrra en það ár mældust reyndar óvenju fá grasfrjókorn í júlí (168 frjó/m³).




Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu í júlí á Akureyri. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.

Garðabær. Heildarfjöldi frjókorna í júlí reyndist yfir meðallagi eða tæplega 1.300 frjó/m³. Mánuðurinn er í hópi þriggja júlímánaða síðan mælingar hófust þar sem frjótala hefur farið yfir 1.000 en árin 2013 og 2015 mældust ríflega 1.200 frjó/m³ í þessum mánuði. Frjótala grasa fór hæst í 181 frjó/m³ þann 26. júlí, sama dag og frjótala grasa var sem hæst á Akureyri.



Súrufrjó voru nánast samfellt í lofti allan mánuðinn en í litlu magni. Frjótalan fór hæst í 16 frjó/m³ þann 6. júlí. Súrufrjó mælast enn í Garðabæ en að öllum líkindum er frjótíma þeirra að ljúka. Heildarfjöldi þeirra í sumar er orðinn 132 frjó/m³ sem er sama og meðaltal árána 2011–2015.

Grasfrjó í júlí urðu 1.040 frjó/m³ og hafa ekki mælst hærri í einum mánuði í Garðabæ frá því að mælingar hófust árið 2011. Frjótalan fór einu sinni yfir hundrað í mánuðinum, það var þann 26. júlí þegar hún fór í 181/m³. Í fyrra fór frjótala grasa aldrei yfir hundrað í júlí en einu sinni í ágúst.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu í júlí í Garðabæ. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring

Framundan. Verði veður þurrt, hlýtt og vindasamt í ágúst gætu komið dagar þar sem frjótölur verða háar. Nokkrar grastegundir eru enn að blómstra og dreifa frjóum sínum, einkum erlendir slæðingar og túngrös, eins og t.d. snarrótarpunktur, húsapunktur, vallarfoxgras og língresi. Uppspretta grasfrjóa er því ennþá til staðar.

Í Garðabæ sýnir reynslan að frjótölur grasa eru mun lægri í ágúst en í júlí, einkum þegar frjótölur hafa verið háar í júlí eins og í ár. Einnig er meðalfrjótala grasa 2011–2015 hærri í júlí en í ágúst.

Á Akureyri er þessu öfugt farið. Þar voru frjótölur grasa lágar í júlí og því góðar líkur á að frjótölur verði hærri í ágúst enda er meðaltal grasfrjóa á Akureyri 1998–2015 herra í ágúst en júlí.

Frjótölur birtast á síðu 193 í Textavarpinu. Einnig birtast frjótölur fyrir gras á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um leið og þær liggja fyrir á slóðinni:

http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima_gras2016.htm

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabæ, 5.ágúst 2016

Ellý R. Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

